

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.
b.t. Runólfs Viðars Guðmundssonar
Fiskislóð 14
101 Reykjavík

Local Lögmenn slf., umboðsmaður kröfuhafa
b.t. Auðar Ýr Helgadóttur
Kringlunni 7
103 Reykjavík

Kópavogur 19. apríl 2022

Staðfesting á skýrslu um fjárhagslegar kvaðir.

Deloitte ehf. gegnir hlutverki staðfestingaraðila með skuldabréfaflokki sem Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. gaf út í nóvember 2021. Vísað er til samnings við staðfestingaraðila, dags. 11. nóvember 2021. Hugtök sem skilgreind eru í samningi við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu í staðfestingu þessari og þeim er þar gefin.

Vísað er til skýrslu útgefanda um fjárhagslegar kvaðir, dags. 12. apríl 2022.


Staðfestingaraðili hefur farið yfir skýrslu útgefanda um fjárhagslegar kvaðir, forsendur og útreikninga sem liggja til grundvallar og aðrar upplýsingar sem skýrslan byggir á. Að lokinni sjálfstæðri yfirferð eru niðurstöður staðfestingaraðila eftirfarandi:

Þann 31.12.2021 voru viðkomandi fjárhagslegar kvaðir eftirfarandi:

Fjárhagslegar kvaðir	31.12.2021	Viðmið	Í lagi
Veðlánaþekja	30,6%	<50%	Já
Veðsetningarþekja	62,6%	<70%	Já
Eiginfjárhlutfall	49,9%	>30%	Já

Yfirferð staðfestingaraðila á fjárhagslegum kvöðum samræmist mati útgefanda og skýrsla um fjárhagslegar kvaðir því staðfest.

Fyrir hönd staðfestingaraðila



Ingvi Björn Bergmann, endurskoðandi